

## Ályktun um lífeyrismál

Við gerð síðustu kjarasamninga var gert samkomulag aðila vinnumarkaðarins við ríkið um að skoða tengsl almannatrygginga við lífeyrissjóðakerfi launafólks. Markmið slíkrar endurskoðunar, að mati Starfsgreinasambandsins, er að efla kerfið í heild sinni m.a. með skýrri afmörkun á hlutverki almannatrygginga og lífeyrissjóða.

Endurskoðun lífeyriskerfisins er mikilvæg til að tryggja framtíð lífeyrissjóðanna. Við þá endurskoðun kemur sterklega til álita að vaxandi þungi örorkulífeyrisgreiðslna sjóðanna verði greiddur úr ríkissjóði. Stórauka þarf starfsendurhæfingu í landinu.

Skoða þarf til þrautar hvað veldur vaxandi örorku. Má þar benda á að þeir sem eru atvinnulausir til langs tíma eru í áhættu að lenda á örorku.

Hækkun mótframlags í lífeyrissjóði frá 1. janúar 2005 tryggir enn frekar traustar stoðir þess kerfis, sem talið er eitt vandaðasta í heiminum. Tryggja þarf sátt kynslóðanna í þessu mikilvæga máli.

Greiðslur frá lífeyrissjóðunum hafa í för með sér að bætur frá almannatryggingakerfinu skerðast verulega. Þetta samspil bóta almannatrygginga og lífeyrissjóðanna er bæði óréttlát og óþolandi fyrir sjóðfélaga lífeyrissjóðanna, þar sem ríkið sparar sér verulega fjármuni á kostnað ávinnslu lífeyrisréttinda hjá sjóðunum.

Þá mega framkomnar hugmyndir ríkisstjórnarinnar um skattalækkanir, um 23 milljarða, alls ekki verða til þess að veikja almannatryggingakerfið enn frekar en orðið er. Slíkt er með öllu óásættanlegt. Þvert á móti þarf að efla það kerfi með auknum framlögum úr ríkissjóði.